



Reykjavík, 9. maí 2008.

Varðar 532. mál á 135. löggjafarþingi 2007-2008:

Umsögn FAS, Samtaka foreldra og aðstandenda samkynhneigðra, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

FAS, Samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra, fagna ofangreindu frumvarpi. Með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til munu samkynhneigð þör framvegis hafa val um hvort þau stofna til staðfestrar samvistar hjá trúfélögum eða borgaralegum vígslumönnum. Það skiptir mörg samkynhneigð þör máli að hafa þetta val og fyrir trúaða hefur það mikla tilfinningalega þýðingu.


Frumvarpið gengur þó að mati FAS ekki nógu langt. Markmið FAS er að ein hjúskaparlög gildi í landinu, sem nái yfir samvist samkynhneigðra jafnt og hjónaband gagnkynhneigðra. Nú þegar hafa samkynhneigðir í staðfestri samvist og gagnkynhneigðir í hjónabandi sömu réttindi og sömu skyldur, svo að vandséð er hvaða tilgangi það þjónar að hafa tvö lög um sama gjörninginn.

Eflaust munu ekki öll starfandi trúfélög í landinu nýta sér þá heimild til að staðfesta samvist samkynhneigðra sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Rétt er þó að gefa sérstakan gaum að þjóðkirkjunni og prestum hennar, sem eru opinberir starfsmenn og geta því tæplega neitað að vígja samkynhneigð þör í staðfesta samvist. FAS vekur athygli á samþykkt Kirkjubings frá 25. október 2007 um að „þeim prestum þjóðkirkjunnar, sem það vilja, verði heimilt að staðfesta samvist samkynhneigðra, ef löggjafinn veitir trúfélögum heimild til þess“. Hér er sem sé gert ráð fyrir að þeir prestar þjóðkirkjunnar sem ekki vilja veita samkynhneigðum þessa þjónustu geti neitað því. Slík neitun hlýtur að brjóta í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

FAS vekur einnig athygli á að samkvæmt 16. grein hjúskaparlaga nr. 31/1993 má „stofna til hjúskapar fyrir presti, forstöðumanni skráðs trúfélags er hefur vígsluheimild, sbr. 17. gr., eða borgaralegum vígslumanni.“ Sömu aðilar, auk dómara, geta skv. 42. gr. laganna leitað um sættir milli hjóna sem ákveðið hafa að leita skilnaðar. Um staðfesta samvist gilda hins vegar lög nr. 87/1996, en samkvæmt 8. gr. þeirra laga geta aðeins sýslumenn og dómarar leitað sátta. Í fyrirliggjandi frumvarpi er ekki lögð til nein breyting á 8. grein laga um staðfesta samvist og því virðist ekki gert ráð fyrir að prestar eða forstöðumenn trúfélaga sem hafa vígsluheimild geti leitað sátta milli para í staðfestri samvist. Þetta ætti að samræma.

Þrátt fyrir ofangreinda annmarka telur FAS fyrirliggjandi frumvarp vera spor í þá átt að tryggja samkynhneigðum full mannréttindi til jafns við gagnkynhneigða og styður því samþykkt þess.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg S. Guðmundsdóttir,
formaður FAS


Guðrún Rognvaldardóttir,
varaformaður FAS